



Borgarráð

Samstarfshópur um málefni miðborgar - Erindisbréf og ársskýrsla

Lagt er til að borgarráð samþykki endurskipun samstarfshóps um málefni miðborgar til 12. mánaða sbr. hjálagt erindisbréf. Þá er ársskýrsla samstarfshópsins fyrir árið 2021 lögð fram til kynningar.

Greinargerð:

Samþykkt var á fundi borgarráðs þann 24. september 2020 að skipa samstarfshóp um málefni miðborgar. Markmið með skipan samstarfshópsins var að auka skilvirkni og einfalda fyrirkomulag málefna miðborgar, að skapa aukna yfirsýn og markvissa upplýsingamiðlun um málefni miðborgar og efla samvinnu og samráð milli mismunandi hagaðila og ólíkra stjórnsýslusviða borgarinnar. Á meðal verkefna samstarfshópsins var að gera tillögur að fyrirkomulagi samstarfs um málefni miðborgar til næstu ára. Hjálagt má sjá ársskýrslu hópsins fyrir árið 2021.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf samstarfshóps um málefni miðborgar, drög.

Ársskýrsla samstarfshóps um málefni miðborgar, desember 2021.

ERINDISBRÉF

Samstarfshópur um málefni miðborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Markmið:

Markmið með skipan samstarfshópsins er að skapa aukna yfirsýn yfir málefni miðborgar, stuðla að markvissri upplýsingamiðlun um þau og efla samvinnu og samráð milli hagaðila og sviða borgarinnar.

Hlutverk og helstu verkefni samstarfshóps:

- 1 Að efla samráð og samtal milli ólíkra aðila sem koma að málefnum miðborgar bæði innan stjórnkerfis og utan með stefnu í málefnum miðborgar til hliðsjónar.
- 2 Að auka reglubundið samstarf og samvinnu milli Reykjavíkurborgar og hagaðila um miðborgina.
- 3 Að vinna saman að aðlaðandi, vistvænni, skemmtilegri og fjölbreyttri miðborg fyrir alla með það að markmiði að fjölga gestum í miðborginni.
- 4 Að vinna saman að og styðja við öfluga markaðssetningu miðborgarinnar til dæmis með sameiginlegu markaðsátaki þegar það á við.
- 5 Að safna og hafa yfirsýn yfir viðeigandi tölfræðigögn og lykilupplýsingar um málefni miðborgarinnar.
- 6 Að miðla upplýsingum sín á milli um þjónustu, starfsemi, framkvæmdir og viðburði og annað það sem varðar miðborg Reykjavíkur.
- 7 Að fylgja eftir stefnu í málefnum miðborgar með gerð starfsáætlunar til árs.
- 8 Að veita umsagnir um styrkumsóknir í miðborgarsjóð.
- 9 Að gera tillögur að fyrirkomulagi samstarfs um málefni miðborgar til næstu ára í samstarfi við hagsmunaaðila.

Samstarfshópurinn getur skipað vinnuhópa um afmörkuð málefni eða verkefni.

Samstarfshópurinn hefur 5 m.kr. til ráðstöfunar í verkefni á árinu 2021 og þurfa þau að vera samþykkt með atkvæðum formanns og 2/3 fulltrúa á fundi hópsins.

Nánar er fjallað um hlutverk fulltrúa og regluleg viðfangsefni á fundum samstarfshópsins í fylgiskjali.

Samstarfshópurinn skipa:

Reykjavíkurborg:

Borgarritari (formaður), fulltrúar skrifstofu reksturs og umhirðu, fulltrúi skilmálaeftirlits byggingafulltrúa, fulltrúi skrifstofu framkvæmda og viðhalds, fulltrúi samgöngustjóra og borgarhönnunar, fulltrúi samskiptateymis, fulltrúi skrifstofu menningarmála, fulltrúi Höfuðborgarstofu, fulltrúi atvinnu- og borgarþróunarteymis, fulltrúi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, fulltrúi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins.

Aðrir fulltrúar: Fulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúi slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, fulltrúar íbúasamtaka Vesturbæjar, Grjótaþorps, Miðborgar og Hlíða, Félög/samtök rekstraraðila í miðborginni, fulltrúi samtaka verslunar og þjónustu (SVP), félag fasteignafélaga SVÞ, fulltrúi félags atvinnurekenda (FA), fulltrúi Hafnartorgs, fulltrúi Faxaflóahafna, fulltrúi samtaka aðila í ferðaþjónustu (SAF), fulltrúi stjórnarráðs Íslands.

Aðrir fulltrúar Reykjavíkurborgar og hagaðila verði boðaðir á fundi samstarfshópsins í samræmi við dagskrá.

Starfsmaður:

Starfsmaður frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Fundatíðni:

Miðað er við að hópurinn haldi a.m.k. þrjá fundi á ári. Vinnuhópar funda eftir þörfum.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Samstarfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins og hafi samstarf við íbúaráð Vesturbæjar og íbúaráð Miðborgar og Hlíða þar sem við á.

Starfstímabil:

Hópurinn er skipaður til 31.12.2022 og skal hlutverk og skipan hans endurskoðuð að þeim tíma loknum.

Reykjavík [.] desember 2021

Dagur B. Eggertsson

Fylgiskjöl:

Hlutverk fulltrúa og regluleg viðfangsefni á fundum samstarfshóps um málefni miðborgar.

Fylgiskjal 1: Hlutverk fulltrúa og regluleg viðfangsefni á fundum samstarfshóps um málefni miðborgar

Regluleg viðfangsefni á fundum samstarfshóps

Viku fyrir fund senda fulltrúar þau mál sem þeir vilja taka á dagskrá til verkefnastjóra. Fundardagskrá skal liggja fyrir 2 virkum dögum fyrir fund. Dagskrá funda samstarfshóps innifeli eins og við á eftirfarandi:

- *Götur og torg*
Fulltrúi samgöngustjóra og borgarhönnunar upplýsir um stöðu mála í borgarumhverfinu s.s. samgöngur, ný torg, breytingar á borgarumhverfinu og önnur verkefni í borgarlandinu. Á vettvangi samstarfshópsins fer fram umræða um það sem betur má fara í þessum málum.
- *Framkvæmdir í miðborg*
Fulltrúar frá Skrifstofu framkvæmda- og viðhalds og deild afnotaleyfa upplýsa samstarfshópinn um fyrirhugaðar framkvæmdir í miðborginni og áhrifum tiltekinnar afnotaleyfa á miðborgina.
- *Umgengni og umhirða*
Deildarstjóri hverfastöðvar vestur upplýsir samstarfshópinn um umgengni og áskoranir í umhirðu í miðborginni. Á vettvangi samstarfshópsins fer fram umræða um það sem betur má fara í þessum málum.
- *Viðburðir og menningarstarfsemi*
Fulltrúi skrifstofu menningarmála upplýsir um viðburði og menningarlíf í miðborginni.
- *Ferðaþjónusta og atvinnuþróun*
Fulltrúi Höfðuborgarstofu og fulltrúi atvinnumála frá skrifstofu borgarstjóra og borgarrítara upplýsa um helstu málefni er snúa að ferðaþjónustu og atvinnuþróun innan miðborgarinnar.
- *Íbúar, rekstur og þjónusta*
Fulltrúar hagaðila og íbúa miðla upplýsingum og ábendingum frá sínum hagaðilahópi.
- *Starfsáætlun/vinnuhópar/miðborgarsjóður*
Yfirferð yfir framvindu vinnu við starfsáætlun, störf vinnuhópa og úthlutun úr miðborgarsjóð.
- *Önnur mál*
Viku fyrir fund sendi fulltrúar inn sérstök erindi eða fyrirspurnir sem þeir vilja taka á dagskrá. Erindum og fyrirspurnum skal fylgja viðeigandi rökstuðningur eða útskýringar. Innsend erindi hafa forgang í dagskrá. Aðrir sérfræðingar innan borgarinnar verða kallaðir inn eftir málefnum.

Vinnuhópar

Samstarfshópur um málefni miðborgar getur gert tillögu að skipan vinnuhópa um afmörkuð málefni eða verkefni. Hlutverk og verkefni þeirra skulu útfærð á blaði þar sem fram koma markmið og afurðir verkefnisins, vinnslutímabil, þátttakendur, ávinningur, áætlað

kostnaðarmat o.þ.h. Þátttakendur í vinnuhópum þurfa ekki að sitja í samstarfshópnum en miða skal við að a.m.k. einn fulltrúi hans sé í hverjum vinnuhóp.

Hlutverk fulltrúa í samstarfshópnum

Sérhver fulltrúi Reykjavíkurborgar í samstarfshópnum sér um að miðla upplýsingum, ábendingum og öðru því sem fram kemur á fundum samstarfshóps til þeirrar starfseiningar innan borgarinnar eftir því sem við á. Þá sér hann einnig um að miðla upplýsingum og ábendingum frá sinni starfseiningu til samstarfshóps. Formaður samstarfshóps sér um að miðla upplýsingum og ábendingum af vettvangi hans til framkvæmdastjórnar Reykjavíkurborgar eins og við á. Sérhver fulltrúi hagaðila miðlar upplýsingum, ábendingum og öðru því sem fram kemur á fundum samstarfshóps til eigin hagaðilahóps og öfugt.

Hlutverk verkefnisstjóra/starfsmanns

- 1 Undirbýr og situr fundi samstarfshóps, ritar fundargerð og sinnir viðeigandi úrvinnslu.
- 2 Vinnur starfsáætlun í samvinnu við samstarfshópinn og vinnur að framkvæmd hennar ásamt hópnum.
- 3 Aðstoð við vinnuhópa samstarfshóps eftir því sem við á.
- 4 Heldur utan um fjárhagsramma og fjárreiður samstarfshóps.
- 5 Utanumhald um Miðborgarsjóð.
- 6 Er tengiliður við íbúa, rekstrar- og hagsmunaðila, borgarstofnanir og stofnanir utan borgar um málefni miðborgar í samræmi við hlutverk samstarfshóps.
- 7 Er til ráðgjafar sviðum borgarinnar sem vinna verkefni og áætlanir á vettvangi miðborgar og veitir upplýsingar um málefni miðborgar sem óskað er eftir.
- 8 Ábyrgð á að upplýsingar um miðborgina séu aðgengilegar stafrænum miðlum.
- 9 Ábyrgð á gerð ársskýrslu um störf samstarfshóps.



Reykjavíkurborg

Ársskýrsla 2021



Mállefni miðborgar – stefna og stjórnsýslulegt fyrirkomulag

Yfirlit yfir verkefni ársins 2021

Inngangur

Fyrirkomulag málefna miðborg var endurskoðað á árinu 2020 og var niðurstaðan að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem samþykkt hafði verið í borgarráði í nóvember 2016. Skipaður var samstarfshópur um málefni miðborgarinnar til 12 mánaða og ákveðið að skipan hans og verkefni yrðu endurmetin að þeim tíma loknum. Samstarfshópurinn getur skipað vinnuhópa um afmörkuð málefni og verkefni. Í stað ítarlegrar aðgerðaráætlunar stefnu í málefnum miðborgar var ákveðið að samstarfshópur um málefni miðborgar gerði starfsáætlun fyrir árið í þeim tilgangi að fylgja stefnunni eftir.

Núgildandi stefna í málefnum miðborgar var samþykkt í borgarráði 24. september 2020.

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgar

„Miðborg Reykjavíkur er höfuðborg allra landsmanna þar sem mætist öflugt og heilbriggt íbúasamfélag, fjölbreytt atvinnustarfsemi og menningar- og mannlíf sem endurspeglar bæði menningararf þjóðarinnar og framsækinnar og alþjóðavæddrar borgar. Í henni er gott að búa, starfa og vera gestur.“

Framtíðarsýnin er útfærð nánar í þremur meginmarkmiðum:

MÍÐBORG ALLRA

Í miðborginni ríkir jafnræði þannig að fólk á öllum aldri getur notið miðborgarinnar óháð efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum bakgrunni sem felur í sér:

- *Rödd allra:* Hagaðilar fái áhrif á mótun miðborgarinnar og boð- og samráðsleiðir um málefni hennar eru opnar og gagnsæjar til að virkja sem flesta til þátttöku.
- *Ábyrgð allra:* Hagaðilar taka virkan þátt og bera ábyrgð á að rækta og móta miðborgina.
- *Hönnun fyrir alla:* Umhverfi miðborgarinnar, viðburðir, vörur og þjónusta taki mið af þörfum allra og verði fyrir eins breiðan hóp af fólki og mögulegt er, óháð aldri, getu, líkamsburðum og fjárhag.

VISTVÆN OG AÐLAÐANDI MÍÐBORG

Miðborgin er vistvæn og aðlaðandi og býður upp á heilnæmt og öruggt umhverfi sem felur í sér:

- *Öflugt og öruggt samfélag:* Íbúar sem og gestir í miðborginni hafa áhrif og búa við öryggi og í sátt við aðra starfsemi miðborgarinnar.

- *Litríkt menningar- og mannlíf:* Miðborgin er lifandi staður með litríkt og fjölbreytt menningar- og mannlíf sem endurspeglar sögu og menningararf borgarinnar og þjóðarinnar.
- *Vistvænt umhverfi og samgöngur:* Heildarásýnd miðborgarinnar einkennist af vönduðum lausnum, fallegu og göngu- og hjólavænu umhverfi þar sem grænar áherslur eru í fyrirrúmi.

FJÖLBREYTT MIÐBORG

Miðborgin hefur ólík hlutverk og fullnægir mismunandi óskum og hagsmunum sem felur í sér:

- *Fjölbreytt rými:* Í miðborginni eru margskonar rými með ólíka ásýnd og eiginleika sem vinna gegn einsleitni og viðhalda listrænni og skapandi starfsemi. Í miðborginni á jafnframt að vera sigrúm fyrir leik, íþróttaiðkun, útivist og viðburði.
- *Fjölbreytt verslun og þjónusta:* Í miðborginni þrífst fjölbreytt verslun og þjónusta sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum íbúa hennar og gesta.
- *Fjölbreytt hlutverk:* Miðborgin gegnir ýmiss konar hlutverki og er allt í senn höfuðborg Íslands, græn borg, hafnarborg, menningarborg, ferðamannaborg, verslunar- og veitingaborg og þekkingar- og nýsköpunarborg auk þess að vera mannlífisborg og endurspegla fjölbreytileika þeirra sem koma í miðborgina, búa þar og starfa.

Nánari upplýsingar um stefnu miðborgarmála, samráðsvettvanginn og fleira tengt miðborginni er að finna á www.reykjavik.is/midborgin

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari er formaður samstarfshóps um málefni miðborgar. Lista yfir aðra starfsmenn Reykjavíkurborgar og fulltrúa hagaðila í samstarfshópi um málefni miðborgar árið 2021 má sjá í viðauka 1.

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir lét af störfum sem verkefnastjóri miðborgarmála í febrúar 2021 og eru málefni miðborgar nú á borði verkefnastjórnanna Guðnýjar Maríu Jóhannsdóttur og Jóns Halldórs Jónassonar sem eru starfsmenn atvinnu- og borgarþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Ásamt því að halda utan um og skipuleggja fundi samstarfshópsins, úthlutun úr miðborgarsjóði og innleiðingu á stefnu miðborgarmála vinna verkefnastjórnarnir að þverfaglegum verkefnum er snúa að miðborginni. Þessi verkefni eru fjölbreytt og eru bæði innan borgarkerfisins og utan. Þau sinna óformlegum samskiptum við hagsmunaaðila miðborgar. Verkefnastjórnarnir sinna einnig ýmsum öðrum verkefnum á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er varða atvinnu- og borgarþróun.

Verkefnastjóri miðborgarinnar okkar á menningar- og ferðamálasviði er Björg Jónsdóttir og vinna verkefnastjórnar náið með henni ásamt Rebekku Guðmundsdóttur borgarhönnuði á umhverfis- og skipulagssviði.

Markmið þessarar skýrslu er að skýra frá verkefnum ársins 2021.

Samantekt

Árið 2021 var fyrsta starfsár nýs fyrirkomulags um málefni miðborgar auk þess sem heimsfaraldur setti mark sitt á starfsemina. Miðborgin heldur áfram að þróast í jákvæða átt og þrátt fyrir mikla óvissu og oft á tíðum ófyrirsjáanleika þá hafa nýir rekstraraðilar bæst við þegar fjölbreytta flóru verslana, veitinga og þjónustu í miðborginni á árinu. Allt að 10 þúsund gesti hefur vantað í miðborgina á degi hverjum vegna áhrifa heimsfaraldursins.

Líkt og fram kemur í talningum og samanburði á fjölda verslana og þjónustu árin 2019-2021 hjá Rannsóknarsetri verslunarinnar hefur útsöslustöðum í miðborginni fjölgað frá árinu 2019. Verslunarrýmum fækkaði um fjögur á milli ára í talningunni í júní 2021 og veitingastaðir í miðborginni voru þremur færri í ár en árið á undan, þrátt fyrir samkomutakmarkanir og skertan opnunartíma. Rýmum í miðborginni sem hýsa menningu og aðra þjónustu fjölgaði úr 85 árið 2019 í 98 í ár.

Fjölbreytni heldur áfram að aukast bæði í verslun og þjónustu í hliðargötum borgarinnar, Grandinn, Hlemmur, Hafnartorgið og Austurbakkinn færa miðborginni ný verslunar- og þjónusturými ásamt nýjum götum og torgum. Miklar breytingar á kauphegðun og nýjar áskoranir blasa við rekstraraðilum í miðborginni líkt og um allan heim og er því mikilvægt að hlúa að miðborginni sem áfangastað verslunar, þjónustu og ekki síst upplifunar. Mannlífið og menningin heldur áfram að blómstra og miðborgin, sem sá áfangastaður sem flestir heimsækja á hverju ári, á alla möguleika á að vera miðborg á heimsælikvarða þegar kemur að upplifun, vöruúrvali og þjónustu svo ekki sé talað um fjallasýnina og útsýnið á sjóinn.

Í þessari skýrslu er farið yfir helstu verkefni vettvangs miðborgarmála á árinu 2021.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Samantekt	4
Efnisyfirlit	5
Samstarfshópur um málefni miðborgar	6
Kynningar og erindi á fundum samstarfshóps um málefni miðborgar	6
Vinnuhópar í málefnum miðborgar	8
Önnur tilfallandi verkefni verkefnisstjóra	14
Miðborgarsjóður	15
Viðauki 1. Þátttakendur í samstarfshópi um málefni miðborgar 2021	17
Viðauki 2. Þátttakendur í vinnuhópum um málefni miðborgar 2021	18

Samstarfshópur um málefni miðborgar

Frá skipun samstarfshóps um málefni miðborgar í september 2020 hafa verið haldnir fimm fundir. Sjá fundargerðir á vef Reykjavíkurborgar á eftirfarandi slóð: <https://reykjavik.is/fundargerdir>.

Kynningar og erindi á fundum samstarfshóps um málefni miðborgar

Á fundum samstarfshópsins eru m.a. haldnar kynningar og tekin fyrir erindi. Eftirfarandi kynningar og erindi voru haldin á fundum samstarfshópsins á tímabilinu:

Þann **13. október 2020** kynnti Þorsteinn Gunnarsson, formaður samstarfshópsins vettvanginn og starfið framundan. Edda Ívarsdóttir, verkefnastjóri borgarhönnunar fór yfir skipulagið í Kvosinni ásamt fleiri verkefnum hjá samgöngustjóra og borgarhönnun. Gunnar Hersveinn upplýsingafulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs hjá Reykjavíkurborg fór yfir framkvæmdirnar á Tryggvagötu. Arnar Hjaltested, deildarstjóri afnotaleyfa á umhverfis- og skipulagssviði kynnti framkvæmdir almennt í borgarlandinu, framkvæmdasjána og afnotaleyfi borgarlandsins. Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, verkefnastjóri miðborgarmála og Sumarborgarinnar, Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála og Gíslína Petra Þórarinsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu fóru yfir samantekt frá Sumarborginni og næstu skref í markaðsmálum og öðru tengdu menningarmálum. Óli Örn Eiríksson, verkefnastjóri atvinnuþróunar fór yfir helstu verkefni atvinnuþróunar í miðborginni. Að lokum fór Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, verkefnastjóri miðborgarmála og Sumarborgarinnar yfir gerð starfsáætlunar, miðborgarsjóð og tillögu að vinnuhópum.

Þann **18. nóvember** kynnti Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri á menningar- og ferðamálasviði Jólaborgina 2020. Jóhann karl Þórisson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Lögreglustjóranum á Höfuðborgarsvæðinu fór yfir afbrotatölfræði lögreglunnar í miðborginni á Covid tímum. Kynntar voru tillögur að fjórum vinnuhópum á fundinum;

- Vinnuhópur um vörudreifingu sem Ólafur Stephensen frá Félagi atvinnurekenda kynnti
- Vinnuhópur um nýtt markaðsfélag miðborgar sem Jakob E. Jakobsson kynnti fyrir hönd aðila Miðborgarinnar okkar
- Vinnuhópur um stöðu atvinnuhúsnæðis og vinnuhópur um öflun og yfirsýn á tölfræðigögn um miðborgina sem Þorsteinn Gunnarsson formaður samstarfshópsins kynnti.

Þann **27. apríl** kynnti Jón Halldór Jónasson, verkefnastjóri atvinnuþróunarteymis vinnu við nýtt hagfélag miðborgar, kynnti vinnuhópin til leiks og upplýsti að búið væri að semja við Ingu Hlín Pálsdóttur ráðgjafa um verkefnið. Guðný María Jóhannsdóttir, verkefnastjóri atvinnuþróunar sagði frá störfum vinnuhóps um greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborginni og að samið hefði verið við VSÓ ráðgjöf um verkefnið. Bjarni Rúnar Ingvarsson, samgönguverkfræðingur hjá samgönguskrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs fór yfir verkefni vinnuhóps um vörudreifingu og upplýsti um ný fyrirhuguð losunarstæði, annars vegar við Lækjargötu 2 og hins vegar á Frakkastíg. Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri á menningar- og ferðamálasviði og Rebekka Guðmundsdóttir, borgarhönnuður kynntu

sumarborgina 2021, viðburði á vegum Sumarborgarinnar sem og aðgerðir til að skapa aðlaðandi aðstöðu fyrir mannlíf og rekstur á borgarlandinu. Elínborg Ragnarsdóttir, verkefnastjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði sagði frá fyrirhuguðum framkvæmdum í miðborginni.

Þann **6. október** kynnti Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi kynnti stöðuna á vinnunni við mótun á nýju félagi miðborgarinnar. Guðný María Jóhannsdóttir, verkefnastjóri atvinnuþróunar kynnti helstu niðurstöður úr skýrslu VSÓ um greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborginni (Kvosinni+). Guðný María kynnti einnig niðurstöðu talningar Rannsóknarseturs Verslunarinnar á verslunar- og þjónusturými í miðborg Reykjavíkur og gagnvirka lausn sem kallast „Mapping shop changes in Miðborg“ sem unnin var af Anne-Cecile Mermet og hlaut styrk úr Miðborgarsjóði. Jón Halldór Jónasson, verkefnastjóri fór yfir verkefni sem hafa verið í gangi í vinnuhópi vörulösufrá sýðasta fundi samstarfshópsins. Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri á menningar- og ferðamálasviði fór yfir hvernig gekk með Sumarborgina, niðurstöður kannana um upplifun af miðborginni og upplýsti um dagsetningar helstu viðburða á vegum borgarinnar á aðventunni. Rebekka Guðmundsdóttir, borgarhönnuður sagði frá fyrirhuguðum framkvæmdum í miðborginni og sagði frá hönnunarverkefninu Laugavegur í 9 skrefum. Guðný María sagði frá að búið væri að opna fyrir umsóknir úr Miðborgarsjóði 2021.

Þann **30. nóvember** fór Guðný María Jóhannsdóttir, verkefnastjóri atvinnuþróunar yfir stöðuna á vinnu við nýtt félag miðborgarinnar. Þorsteinn Gunnarsson, formaður samstarfshópsins fór yfir umboð hópsins og kallaði eftir umræðum um að framlengja erindisbréf til eins árs í viðbót. Pétur Andreas Maack, verkefnisstjóri samgöngumála á umhverfis og skipulagssviði kynnti niðurstöður könnunar sem framkvæmd var síðast sumar um viðhorf til göngugatna í miðborginni. Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri á menningar- og ferðamálasviði upplýsti um viðburði á vegum Jólaborgarinnar.

Vinnuhópar í málefnum miðborgar

Á fundi samstarfshóps um málefni miðborgar þann 18. nóvember 2020 var samþykkt að stofna fjóra vinnuhópa um afmörkuð verkefni. Vinnuhóparnir fjórir höfðu samtals 10 m.kr. til ráðstöfunar á starfsárinu 2021. Lista yfir þátttakendur í vinnuhópum má sjá í viðauka 2.

Vinnuhópur um tölfræði

Vinnuhópur um tölfræði hélt einn fund á starfsárinu þann 12. maí 2021. Á fundinum kynnti Aron Valgeir Gunnlaugsson, sérfræðingur hjá Rannsóknarsetri verslunarinnar niðurstöður talningar á verslunar- og þjónusturýmum í miðborginni sem framkvæmd var í júní 2021.

Helstu niðurstöður;

- Útsölustöðum fækkaði um fjóra frá talningunni sem framkvæmd var í nóvember 2020. En fleiri rými voru þó í notkun 2021 heldur en 2019 m.a. vegna fjölgunar rýma á Hafnartorgi og Hverfisgötu.
- Heildarfjöldi verslana í júní 2021 var 270, fjórum færri en í talningunni í nóvember 2020. Frá árinu 2019 hefur verslunum fækkað um 18.
- Veitingastöðum fækkaði um þrjá frá talningunni í nóvember 2020. Fjöldi veitingastaða hefur breyst lítið frá 2019 eða fjölgað um eitt rými.
- Rými sem skilgreind eru fyrir menningu og aðra þjónustu hafa ekki verið fleiri en í nýjustu talningu. Alls voru 102 rými skráð í þeim flokki og aukningin mest í nýjum húðflúrstofum í miðbænum.
- Fjöldi tómrar rýma jókst um 11 frá talningunni í nóvember 2020. Þó ber að nefna að stór hluti þeirra rýma sem eru tóm hafa staðið auð frá því í talningunni í júní 2019.

Sambærilegar talningar hafa verið framkvæmdar af Rannsóknarsetri verslunarinnar síðustu ár, fyrst í júní árið 2015 og svo í júní 2019. Árið 2020 var rannsóknin framkvæmd bæði í júní og nóvember og nýjasta könnunin í júní á þessu ári. Talningarnar eru aðgengilegar í


mælaborði á heimasíðu borgarinnar <https://reykjavik.is/talningar-verslun-og-thjonustu-i-midborginni>. Markmiðið er að telja á hverju ári héðan í frá.

Verslun og þjónusta í miðbænum

Hér má sjá fjölda útskustaða vöru og þjónustu sem standa gestum og gangandi til boða í miðborginni árin 2019, 2020 og 2021. Skrifstofur og allta rektor er undanskilinn í talningu.

Útskustaðir eftir götunum

Ár ● 2019-jún. ● 2020-jún. ● 2020-nóv. ● 2021-jún.




Smellð á súluna: til að sía myndirnar. Einnig má halda inni CTRL, hnappnum og velja fleiri en eina súlur í einu til að sía eftir. Sem dæmi ef þú vilt sjá hvernig þjónustur verslunar hefur verið eftir götum fyrir bæði ár má smella á appelsínugulu súluna fyrir verslun, halda inni CTRL og velja dókkju súluna. Þá síst myndin vinstra megin. Til að sjá hvaða starfsemi er á bak við hverja súlur má hægri smella á súluna og velja "See records".

Forsíða Niðurstöður Skýringar Verslun Veitingar Menning og önnur þjónusta Tækifæri Talning 2015 Aðferðiræði

RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR


Útskustaðir eftir flokkum

Ár ● 2019-jún. ● 2020-jún. ● 2020-nóv. ● 2021-jún.



Heildarfjöldi útskustaða

Ár ● 2019-jún. ● 2020-jún. ● 2020-nóv. ● 2021-jún.



Mynd 1 sýnir skjáskot af mælaborði um talningar á verslun og þjónustu í miðborginni. Unnið af Rannsóknarsetri verslunarinnar.

Á fundinum þann 12. maí var einnig umræða um aðrar mögulegar kannanir sem nýst gætu hagaðilum í miðborginni auk þess sem rætt var um áskoranir miðborgarinnar til framtíðar.

Vinnuhópur um vörudreifingu

Vinnuhópur um vörudreifingu fundaði þann 12. janúar þar sem farið var yfir stöðuna og þær áskoranir sem fyrir eru varðandi vörulestun- og losun. Einnig var á fundinum rætt um áætlun um næstu skref vinnuhópsins. Næsti fundur vinnuhópsins var haldinn þann 5. október og í framhaldi var ákveðið að fara í vettvangsferð 11. október og hittist hópurinn í Bankastræti og skoðaði aðstæður fyrir vörulestun- og losun í á svæðinu við Bankastræti og Skólavörðustíg.



Mynd 2 frá vettvangsferð vinnuhóps um vörufhendingu þann 11. október 2021

Allar upplýsingar um vörulestun- og losun er að finna á vef Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/thjonusta/voruloseun>

Vinnuhópur um nýtt félag miðborgarinnar



Mynd 3 frá fundi vinnuhóps um nýtt félag miðborgarinnar sem haldinn var á Jómfrúnni

Vinnuhópur um nýtt félag miðborgarinnar fundaði nokkuð þétt á fyrri helmingi ársins eftir að gengið var frá samningi við Ingu Hlín Pálsdóttur ráðgjafa í byrjun mars 2021 um að taka að sér að leiða verkefnið. Inga Hlín tók að sér að greina og gera tillögu að nýju félagi hagaðila miðborgarinnar og hvernig samstarf milli þess félags og borgarinnar skuli háttað.

- Greina félög með svipað upplagg í nágrennborgum (t.d. City í samverkan í Stokkhólmi)
- Greina hagaðila og taka viðtöl við hagaðila í miðborginni og starfsfólk borgarinnar
- Gera tillögu að upplaggi (samþykktum) á nýju félagi, markmiði og áherslum þess
- Gera tillögu að helstu verkefnum félagsins
- Gera tillögu að fjármögnun félagsins
- Gera tillögu að samstarfi milli félagsins og borgarinnar

Tekin voru 13 viðtöl við hagaðila um miðborgina, aðila frá fasteignafélögum, verslun og þjónustu ásamt veitingastöðum. Markmiðið var að fá sem besta mynd af stöðunni á samstarfi aðila í miðborginni ásamt tækifærum og áskorunum.

Miðborgin sé staður til þess að versla, búa, vinna og njóta

- Áherslur nýs félags um miðborgina
 - Sýn og leiðarljós fyrir miðborgina
 - Innri markaðssetning/innra starf
 - "Sáttmála"
 - Markaðssetning og aðgerðir
 - Viðburðir og verkefni
 - Rannsóknir og mælikvarðar
 - Milliliður fyrir samtal við borgina
 - samtal, upplýsingar og miðlun
 - Sjálfbærni – sameiginleg verkefni
 - Öryggismál
 - Fegrin og sorpmál
 - Hugmyndasöfnun um bættu miðborg

Langþreyta í neikvæðum samskiptum –
sáttavilji og horfa til framtíðar

- Tækifæri og áskoranir
 - Imynd og ásýnd
 - Ósamstaðan
 - Covid 19 & markhópa
 - Bílastæði
 - Öryggismál
 - Viðburðir

Mynd 4 sýnir helstu punkta frá viðtölum við hagaðila um miðborgina

Rýnifundir voru haldnir með 9 starfsmönnum Reykjavíkurborgar þar sem rætt var um hvernig samstarfið hefur gengið hingað til í tengslum við miðborgina ásamt því að skoða tækifæri og áskoranir.

Vinnustofa var haldin í Gamla bíó, þann 20. maí og var um 50 aðilum boðið en um 22 aðilar mættu og tóku þátt í umræðunum. Umræðurnar snérust um m.a. um hvað aðilar skilgreindu sem miðborgina, ásamt kjarnann í nýju félagi um miðborgina s.s. af hverju að vinna saman, hvernig ætti að vinna saman á ásamt því hvað ætti að gera saman. Helstu punktar frá umræðunum eru:



Mynd 5 frá vinnufundi með hagaðilum í miðborginni í Gamla Bíó 20. maí 2021

Hvaða svæði skilgreinið þið sem miðborgina:

- Mismunandi skilgreiningar en umræða um að það sé betra að byrja minna og stækka þá frekar svæðið í framtíðinni.
- Flestir sammála um að svæðið sé frá Granda að Lönguhlíð/Höfðatorgi. Það sé frá sjó og að Hringbraut.
- Horfa á kjarnasvæði og síðan stærra svæði sem er minna verslunarsvæði. Hægt að styðja við fleiri svæði í framtíðinni.
- Svæðið er í kjarnann þjónustusvæði, verslunar, atvinnu og búsetu.

Af hverju ættu aðilar að vinna saman: sterkari saman, miðborgin er stærsti áfangastaður landsins, framtíðaruppbygging (stuðla að bættri ímynd, auka virði, bæta umhverfið, skapa líf, íbúar og ferðamann), búa til tengsl og tengslanet bæði milli aðila og við Reykjavíkurborg.

Hvernig eiga aðilar að vinna saman: umræða hvort væri markaðsfélag eða hagsmunafélag, horft til breiðrar stjórnar og samstarfs, ráðgefandi til borgarinnar, PPP samstarfsverkefni, horft til jafnræðis milli mismunandi greina ásamt góðu samtali við hagaðila. Rætt var einnig um hvort íbúaráð ætti að koma að verkefninu.

Þegar kom að því að velta fyrir sér hvernig eigi að vinna með borginni voru aðilar ekki alveg sammála – t.d. hvort félagið ætti að vera ráðgefandi til borgarinnar, meirihluti fjármagns komi frá borginni, hvort eigi að vera tengiliður við borgina, áheyrnarfulltrúi, hvort borgin eigi almennt að vera á fundum, eigi stjórnarmenn eða ekki, borgi eða ekki o.s.frv.

Hvað aðilar eiga að gera saman: þar var umræðan nokkuð skýr. Setja stefnu og leiðarljós fyrir svæðið, vera vettvangur fyrir samstarf og samtal, útlit og ásýnd. Vinna að markaðssetningu bæði innri og ytri ásamt viðburðum. Skoða skipulagsmál og samgöngur ásamt umhirðu og öryggi með borginni. Samræma opnunartíma, upplýsingagjöf, tölfræði og skreytingar. Ásamt því að horfa til stafrænna lausna sem og heimsmarkmiða varðandi sjálfbærni.

Haldnir voru nokkrir kynningarfundir fyrir hagaðilum um stöðu verkefnisins ásamt því að þeir fengu reglulegar upplýsingar í bakhópi á facebook síðu verkefnisins. Einnig var haldinn sér kynningarfundur um verkefnið með stjórn og aðilum frá Miðbæjarfélaginu þann 1. júlí þar sem um 9 manns mættu.



Mynd 6 frá vinnufundi með hagaðilum í miðborginni á Barion Bryggjunni 28. september 2021

Inga Hlín skilaði fyrstu niðurstöðum í júlí og voru þær kynntar fyrir hagaðilum miðborgar á Barion Bryggjunni þann 28. september. Fundarmenn voru jákvæðir gagnvart þeirri tillögu sem Inga Hlín lagði til og eru næstu skref verkefnisins þau að fulltrúar hagaðila í miðborginni útbúi samþykktir fyrir nýtt félag miðborgarinnar og eigi svo í framhaldi samtal við Reykjavíkurborg um með hvaða hætti samstarfinu skuli háttað.

Vinnuhópur um greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborginni

Vinnuhópur um greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborginni fundaði sjö sinnum á árinu og voru flestir fundirnir haldnir á Teams. Fundað var 10. og 24. febrúar, 10. og 24. mars, 28. apríl, 9. júní og 22. september. Auk funda vinnuhópsins var haldinn Teams fundur þar sem niðurstöður verkefnisins voru kynntar fyrir stærrri hópi hagaðila þann 4. nóvember. Samningur var gerður við VSÓ ráðgjöf um að greina stöðu og horfur fyrir atvinnuhúsnæði í miðborg Reykjavíkur á grunni ítarlegrar skoðunar á svæði sem telst vera

Kvosin og nágrenni þess. Samúel Torfi Pétursson, skipulagsverkfræðingur leiddi verkefnið fyrir hönd VSÓ.



Mynd 6 er skjáskot af korti þar sem hægt er að sjá atvinnuhúsnæði í miðborginni sem er að losna, húsnæði í byggingu og heimildir í framtíðarskipulagi

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru;

- Í Kvosinni+ eru 475 þúsund fm. af atvinnuhúsnæði (húsnæði annað en íbúðir)
- Mest er af skrifstofuhúsnæði, þá hótélum og svo verslunar- og þjónustuhúsnæði
- Einnig þó nokkuð um menningarhúsnæði og sérhæft húsnæði (ráðhús o.þ.h.)
- Um 60 þúsund fermetrar eru í byggingu
 - koma til viðbótar við 30 þúsund fermetra sem eru nýbyggðir (frá 2018)
- Á fimm ára tímabili frá 2018 til u.þ.b. 2023 nemur aukningin um 90 þús. fm.
 - það er rúm 20% aukning á fimm árum - helmingurinn hótél
- Heildarfjárfesting er líkleg til að vera yfir 50 milljarðar króna 2018 til 2023
- Skipulagt er fyrir 46 þúsund fm. í viðbót (nettó)
- Hlutfall af lausu atvinnuhúsnæði (húsnæði sem er laus og leiguhæft) er nú 5,2%
 - Inni í því er allt húsnæði sem ekki eru íbúðir, þ.e. líka hótél, geymslur o.þ.h.
- Laust verslunar-, þjónustu- og skrifstofuhúsnæði (hlutfall) er 8,2%
 - mest í verslunar- og þjónustuhúsnæði 9,3% (tæplega 10 þúsund fm)
 - næstmest í skrifstofum 7,4% (rúmlega 10 þúsund fm)
- Ástandið í dag er líklega ekki langt frá því að vera í jafnvægi (einkum að teknu tilliti til áhrifa frá Covid-19 faraldrinum)
- Nýbyggingar og flutningar opinberrar starfsemi mun auka mikið á framboð næstu árin og líklega búa til kaupenda- og leigjendamarkað

- Hið opinbera (opinber starfsemi og fyrirtæki í eigu hins opinbera) mun auka framboð af atvinnurými í Kvosinni+ um hátt í 30 þúsund fermetra á næstu þremur árum
 - flutningur Landsbankans í nýbyggingu mun losa 13.500 fm
 - flutningur Alþingis og Forsætisráðuneytisins í nýbyggingar mun losa yfir 7.500 fm
 - flutningur Skattsins (Tollhússins) í Katrínartún mun losa um 7.500 fm
 - Þetta húsnæði hefur ekki verið ráðstafað til nýrra nota fyrir utan Tollhúsið
- Uppsogsrýmd verslunar-, þjónustu- og skrifstofuhúsnæði er áætluð að verði 17,2% þegar nýtt húsnæði hefur verið fullgert og flutningum hins opinbera lokið
 - 46 þúsund fm húsnæðis samtals
 - uppsogsrýmd verslunar- og þjónustuhúsnæði verði 14,8% (um 16 þúsund fm)
 - uppsogsrýmd skrifstofuhúsnæðis verði 18,8% (um 30 þúsund fm)
- Með íbúðarhúsnæði er tæplega ein milljón fermetra húsnæðis í Kvosinni+
 - nokkuð jöfn skipting milli atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis
 - 4.131 íbúðir og 423 þúsund fm. af íbúðarhúsnæði
- Kvosin+ er mjög öflugur kjarni með fjölbreyttri starfsemi og sker sig frá öðrum atvinnukjörnum með mikilli menningarstarfsemi, gistirými og opinberri stjórnarsýslu til viðbótar við almenna verslun, þjónustu og skrifstofustarfsemi
- Kvosin er að ganga í gegnum tímabil mjög mikillar uppbyggingar og e.t.v. ekki óeðlilegt að tölur um laust húsnæði aukist mikið tímabundið
- Þó væri æskilegt væri að bregðast við eins og hægt er til að leiguverð lækki ekki mjög mikið, byggingar lendi ekki í niðurníðslu og tryggja „vibrancy“

Önnur tilfallandi verkefni verkefnisstjóra

Verkefnisstjórar eiga reglulega samráð við hagsmunaðila miðborgar og er tengiliður þeirra við borgarkerfið. Málefni eru margskonar en snúa mörg að því að bæta upplýsingagjöf og ná betri tengingu milli ólíkra sviða og skrifstofa sem og starfsfólks innan borgarinnar. Verkefnisstjórar vinna náið með starfsfólki hjá menningar og ferðamálasviði (MOF) í tengslum við viðburði í miðborginni og þegar kemur að úthlutun úr miðborgarsjóði.

Miðborgarsjóður

Hlutverk miðborgarsjóðs er að stuðla að því að miðborgin sé áhugaverður og aðlaðandi dvalar- og áfangastaður fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila borgarinnar, landsmenn alla og erlenda gesti. Markmið miðborgarsjóðs er að stuðla að fjölbreytni í miðborginni og eflingu hennar sem íbúðabyggðar og um leið miðstöðvar verslunar, þjónustu, mannlífs, menningar og stjórnsýslu. Markmið Miðborgarsjóðs er að efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga með það að markmiði að efla fjölbreytni, frumkvæði, nýsköpun og rannsóknir í málefnum miðborgar Reykjavíkur, í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgar og markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um að greina, skrá og vinna úr upplýsingum um þróun miðborgarinnar.



Í ár 2021 var lögð áhersla á verslun og þjónustu, tónlist og aðra menningartengda viðburði og verkefni ásamt markaðssetningu miðborgarinnar. Einnig verður horft til rannsóknar-, nýsköpunar-, og þróunarverkefna sem efla miðborgina sem og grænna og umhverfissvænna verkefna. Nánari upplýsingar um miðborgarsjóð er að finna <https://reykjavik.is/midborgarsjodur>.

Sjóðurinn úthlutaði 10 m.kr. í ár til samtals 18 verkefna en alls bárust 24 umsóknir. Sótt var samtals um styrki að upphæð 25,8 m.kr. Opnað var fyrir umsóknir þann 4. október 2021 og auglýst var á vef sjóðsins, á reykjavik.is auk þess sem keyptar voru auglýsingar á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram.

Miðborgarsjóður hefur verið starfræktur frá 2017 og er þetta því í fimmta skipti sem úthlutað er úr honum. Fyrstu þrjú árin voru að jafnaði 11 til 16 verkefni styrkt ár hvert en í fyrra voru 32 verkefni sem hlutu styrkt auk þess sem þrjú verkefni voru valin sem samstarfsverkefni jóla- og vetrarborgarinnar.

Úthlutanir 2021 má sjá hér fyrir neðan.

Taflan sýnir þau verkefni sem voru styrkt af miðborgarsjóði 2021

Nafn verkefnis	Upphæð í kr.
Farandtónleikar á WindWorks tónlistarhátíðinni	100.000
Tónleikadagskrá í 12 Tónum	150.000
Fjölómatónlistarhátíð - Surround music festival	200.000
Á Laugavegi - Hver er miðborgin okkar?	240.000
Laugardagshjólreiðar frá Hlemmi í allan vetur og samvinna við Borgarbókasafnið um Hjólabókina	250.000
Milli jóla og páska	300.000
JólaGrandinn	300.000
Ungir listamenn á aðventu	300.000
Aðventutónleikar í verslunum okkar	360.000
Lifandi tónlist í Petersen svítunni	400.000
The Creative Space of Jóhann Jóhannsson - Opin vinnustofa	500.000
Hringekjan Live Sessions	600.000
Óperudagar 101	600.000
MENGI LIFI REYKJAVÍK - fyrirlestraröð í MENGI	600.000
Myndlistarsýningar í tónlistarhúsinu Hörpu	800.000
Fjölbreytt dagskrá á Granda	800.000
Menningarstarf Skuggabaldurs	1.500.000
Tónleikarýmið R6013 býður upp á fjölbreytta viðburðadagskrá fyrir alla aldurshópa	2.000.000
Samtals	10.000.000

Viðauki 1. Þátttakendur í samstarfshópi um málefni miðborgar 2021

Árið 2021 var samstarfshópur um málefni miðborgar skipaður eftirfarandi fulltrúum:

Starfsmenn Reykjavíkurborgar

Borgarritari	Þorsteinn Gunnarsson
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds	Ámundi V. Brynjólfsson
Skrifstofa sviðsstjóra	Gunnar Hersveinn
Skrifstofa reksturs og umhirðu / hverfastöð vestur	Hjalti Jóhannes Guðmundsson
	Hafsteinn Viktorsson
Skrifstofa reksturs og umhirðu / afnotaleyfi	Arnar Þór Hjaltsted
Samgönguskrifstofa og borgarhönnun	Þorsteinn Hermannsson
	Edda Ívarsdóttir
	Rebekka Guðmundsdóttir
Heilbrigðiseftirlit	Árný Sigurðardóttir
	Óskar Ísfeld Sigurðsson
Atvinnuþróun	Óli Örn Eiríksson
Upplýsingadeild	Eva Bergþóra Guðbergsdóttir
Skrifstofa menningarmála	Arna Schram
Höfuðborgarstofa	Gíslína Petra Þórarinsdóttir
Þjónustu og nýsköpunarsvið	Karen María Jónsdóttir
Þjónustumiðstöð vesturbæjar, miðborgar og hlíða	Sigprúður Erla Arnardóttir
Mannréttinda og lýðræðisskrifstofa	Anna Kristinsdóttir

Fulltrúar hagaðila

Lögregla	Jóhann Karl Þórisson
Slökkvilið	Bjarni Kjartansson
Íbúasamtök Vesturbæjar	Ásta Olga Magnúsdóttir
Íbúasamtök Miðborgar og hlíða	Arnar Guðmundsson
Íbúasamtök 3.hverfis (Hlíðar, holt og norðurmýri)	Sigfús Ómar Höskuldsson
Íbúasamtök Grjótaþorps	Ýmir Björgvin Arthúrsson
Félag rekstraraðila Miðborgin okkar	Guðrún Jóhannesdóttir
	Þórunn Edda Magnúsdóttir
Félag rekstaraðila Miðbæjarfélagið	Anna Bára Ólafsdóttir
	Helgi Njálsson
Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon
Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen
Félag fasteignafélaga (SVP)	Garðar Hannes Friðjónsson
	Guðbjartur Magnússon
	Jón Grétar Jónsson
	Guðjón Auðunsson
	Friðjón Sigurðsson
	Kristjana Ósk Jónsdóttir
Hafnartorg	Helgi S. Gunnarsson
	Tinna Jóhannsdóttir
	Finnur Bogi Hannesson
Faxaflóahafnir	Magnús Þór Ásmundsson
Samtök aðila í ferðaþjónustu	Ágúst Elvar Bjarnason
Stjórnarráð Íslands	Sævar Hilmarsson

Viðauki 2. Þátttakendur í vinnuhópum um málefni miðborgar 2021

Árið 2021 voru skipaðir fjórir vinnuhópar um málefni miðborgar og í þeim sátu eftirtaldir fulltrúar:

Vinnuhópur um vörudreifingu

Félag atvinnurekenda Samtök verslunar og þjónustu Samtök ferðaþjónustunnar Ölgerðin Miðborgin okkar Miðbæjarfélagið Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu Reginn Eik Eik Eik Heilbrigðiseftirlitið	Ólafur Stephensen Andrés Magnússon Ágúst Elvar Bjarnason Gunnlaugur Einar Briem Þórunn Edda Helgi Njálsson Jóhann Karl Þórisson Tinna Jóhannsdóttir Guðbjartur Magnússon Álfheiður Guðrún Thorarensen Kári Tryggvason
Reykjavíkurborg Reykjavíkurborg Reykjavíkurborg Reykjavíkurborg Reykjavíkurborg	Óli Örn Eiríksson Jón Halldór Jónasson Guðný María Jóhannsdóttir Bjarni Rúnar Ingvarsson Edda Ívarsdóttir

Vinnuhópur um nýtt félag miðborgarinnar

Miðborgin okkar Miðbæjarfélagið Miðbæjarfélagið Miðbæjarfélagið Reitir Reginn Eik Eik Eik Samtök verslunar og þjónustu Félag atvinnurekenda Samtök ferðaþjónustunnar Iurie Fine Art Prakt Vínstúkan	Jakob Einar Jakobsson Helgi Njálsson Soffía Böðvarsdóttir Fannar Gunnarsson Kristjana Ósk Jónsdóttir Tinna Jóhannsdóttir Guðbjartur Magnússon Álfheiður Guðrún Thorarensen Jón Grétar Jónsson Guðrún Jóhannsdóttir Ólafur Stephensen Ágúst Elvar Bjarnason Sophia Mikaelisdóttir Þórbergur Halldórsson Bragi Skaptason
Reykjavíkurborg Reykjavíkurborg Reykjavíkurborg	Óli Örn Eiríksson Jón Halldór Jónasson Guðný María Jóhannsdóttir

Vinnuhópur um greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborginni

Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon
Reitir	Friðjón Sigurðarson
Reginn	Finnur Bogi Hannesson
Eik	Garðar Hannes Friðjónsson
Samtök ferðaþjónustunnar	Ágúst Elvar Bjarnason
Miðbæjarfélagið	Helgi Njálsson
Fasteignaeigandi	Svanur Kristbergsson
Eik	Guðbjartur Magnússon
Eik	Jón Grétar Jónsson
Reykjavíkurborg	Haraldur Sigurðsson
Reykjavíkurborg	Óli Örn Eiríksson
Reykjavíkurborg	Jón Halldór Jónasson
Reykjavíkurborg	Guðný María Jóhannsdóttir

Vinnuhópur um tölfræði

Miðborgin okkar	Pórunn Edda Magnúsdóttir
Miðbæjarfélagið	Helgi Njálsson
Miðbæjarfélagið	Anna Bára Ólafsdóttir
Reitir	Kristjana Ósk Jónsdóttir
Reginn	Tinna Jóhannsdóttir
Reginn	Finnur Bogi Hannesson
Eik	Garðar Hannes Friðjónsson
Eik	Guðbjartur Magnússon
Eik	Jón Grétar Jónsson
Samtök verslunar og þjónustu	Guðrún Jóhannsdóttir
Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen
Samtök ferðaþjónustunnar	Ágúst Elvar Bjarnason
Rannsóknarsetur verslunarinnar	Edda Blumenstein
Reykjavíkurborg	Óli Örn Eiríksson
Reykjavíkurborg	Jón Halldór Jónasson
Reykjavíkurborg	Guðný María Jóhannsdóttir